

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1830
komudagur 19.4.2012



Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. apríl 2012

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um stjórn fiskveiða og lagafrumvarp um veiðigjald, mál 657 og 658.
Í ljósi þess að frumvörpin um stjórn fiskveiða og veiðigjöld eru nátengd hefur Starfsgreinasamband Íslands ákveðið að senda eingöngu frá sér eina umsögn um frumvörpin tvö.

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) telur að framlögð frumvörp ríkisstjórnar um stjórn fiskveiða og veiðigjald séu mikilvægt skref í þá átt að eyða óvissu sem ríkt hefur á undanförunum árum um framtíð og rekstur fiskvinnslu og útgerðar á Íslandi. Markmið frumvarpanna samræmast stefnu SGS í sjávarútvegsmálum, en Sambandið hefur alla tíð lagt mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð sjávarútvegsfyrirtækja, atvinnufrelsi, sjálfbæra nýtingu fiskistofna, atvinnu- og byggðamál, og að þjóðin fái eðlilegt endurgjald af sameiginlegri eign þjóðarinnar.

Starfsgreinasamband Íslands eru heildarsamtök um 50 þúsund launamanna og er ljóst að skiptar skoðanir eru um frumvörpin og hugsanleg áhrif þeirra á fiskvinnslufólk og byggðir landsins. Engu að síður er það mat SGS að frumvörpin geti verið grunnur að ákveðinni sátt í samfélaginu um deilur sem hafa varað lengi. Í frumvörpunum tekinn af allur vafi um eignarhald á auðlindinni, en nytjastofnarnir í hafinu kringum Ísland eru skilgreindir sem sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Sjávarútvegsfyrirtækjum er á móti tryggður afnotaréttur af auðlindinni með nýtingarleyfum til langs tíma gegn gjaldi. Þá telur SGS það jákvætt að endurvekja skuli kvótapiing og að reynt verði að sporna við of mikilli samþjöppun í greininni sem getur haft alvarlegar félagslegar afleiðingar og byggðarröskun í för með sér.

Vissulega er margt til bóta í frumvörpunum og ljóst að þau eru ákveðin málamiðlun til að sætta ólík sjónarmið. Engu að síður telur SGS að það sé ýmislegt í þessum tveimur frumvörpum sem þarfnast endurskoðunar og lagfæringa til að koma í veg fyrir að frumvörpin muni hafa neikvæð áhrif á fiskvinnslufólk og sjávarbyggðir landsins.

Í því samhengi vill SGS beina sjónum að nokkrum atriðum í frumvarpinu sem snúa að fiskvinnslufólki og búsetuskilyrðum í landinu.

Starfsgreinasamband Íslands vill benda á eftirfarandi atriði:

- Það er ámælisvert að stjórnvöld hafi ekki framkvæmt ítarlega rannsókn á hagrænum og félagslegum afleiðingum þeirra breytinga sem frumvörpin munu hafa í för með sér á sjávarbyggðir, sjávarútveg, starfsöryggi og kjör launafólks í greininni. SGS hefði talið eðlilegt að slík rannsókn hefði farið fram áður en svo viðamiklar breytingar á stjórn fiskveiða væru gerðar. SGS vill að slík rannsókn fari fram án tafar.

- Mikilvægt er við innleiðingu á breyttu fiskveiðistjórnunarkerfi og veiðigjaldi að menn fari varlega af stað í upphafi til að kollvarpa ekki greininni. Það er nauðsynlegt að innleiða breytingarnar með varfærum hætti svo hægt verði að fylgjast betur með og meta áhrif breytinganna á byggðir landsins, launafólk og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja áður en framhaldið verður ákveðið. Taka verður sérstakt tillit til sjávarbyggða sem byggja allt sitt á veiðum og vinnslu þegar áhrif breytinganna verða metin.
- Sú aðferðafræði sem lagt er upp með varðandi veiðigjald er að mati SGS ásættanleg, en samt má benda á að núverandi tillaga um árgreiðslu tekur ekki nægjanlegt tillit til misjafnar stöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Sum fyrirtæki eru mjög skuldsett eftir kaup á kvóta, á meðan önnur fyrirtæki hafa lítið sem ekkert fjárfest í tækjum og búnaði á síðustu árum. SGS hvetur stjórnvöld til að stilla skattheimtu þannig að hún hamli ekki fjárfestingu og endurnýjun í greininni. Með því að fara varúðarleið í upphafi og hafa sérstaka veiðigjaldið lægra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu er tekið tillit til mismunandi stöðu fyrirtækja og þeim gefinn kostur á að aðlaga sig að breyttu umhverfi.
- Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir því við útreikning á sérstöku veiðigjaldi að virðisauki í fiskvinnslu er ekki bara tilkominn vegna hagstæðs gengis íslensku krónunnar og hagstæðs hráefnisverðs. Stór hluti virðisaukans í fiskvinnslu er tilkominn vegna öflugar starfsfólks, tækninýjunga, vöruþróunar, aukinnar framleiðni og bættrar nýtingar á hráefninu. Þannig hefur fiskvinnslufólk lagt sitt að mörkum til að styrkja stöðu sjávarútvegs á undanförunum árum og á skilið að njóta góðrar afkomu greinarinnar í bættum kjörum.
- Æskilegt er að setja auknar kröfur á þá sem starfa í sjávarútvegi og nýta auðlindina varðandi meðferð á afla til að tryggja gæði þess hráefnis sem vinnslur fá til sín. Fiskvinnslufólk leggur mikla áherslu á að hráefni til vinnslu sé gott. Því miður vantar oft uppá að útgerðir skili góðu hráefni í land vegna þess að meðferð afla hefur verið ábótavant. Nauðsynlegt er að beitt verði svipuðum viðurlögum vegna lélegrar meðferðar á afla og beitt er þegar um brottkast er að ræða.
- Fiskvinnsla og útgerð eru án efa mikilvægustu atvinnugreinar margra byggðarlaga og má að vissu leyti líta á breytingarnar á fiskveiðistjórnunarkerfinu og veiðigjald sem auknar álögur á sjávarbyggðir landsins. Í ljósi þess þarf að tryggja að landsbyggðin fái ráðstafað hluta af tekjunum til að styrkja byggðirnar og þannig vinna gegn þeirri byggðaröskun sem frumvarpið getur haft í för með sér. Þannig telur SGS æskilegt að stærra hlutfalli af þeim tekjum sem veiðiheimildir gefa af sér verði úthlutað beint til sveitarfélaga og landshlutasamtaka.
- Í dag eru ekki í gildi kjarasamningar fyrir allt starfsfólk í sjávarútvegi og SGS telur mikilvægt að einungis útgerðarfyrirtæki sem eru með gilda kjarasamninga fái úthlutað nýtingarleyfi.
- Nauðsynlegt er að tryggja með óyggjandi hætti að afli sem fluttur er óunninn á erlenda markaði skuli reiknaður með álagi, til að tryggja framboð hráefnis fyrir vinnslu innanlands og þar með starfsöryggi fisvinnslufólks. Grein 28. í frumvarpinu veitir ráðherra vissulega heimild til að leggja slíkt álag á, en SGS vill að ákvæðið bindi þetta álag í lögin.
- Aðgerðum til að tryggja nýliðun í greininni er að mati SGS ábótavant. Ársleiga á aflamarki gerir mönnum erfitt fyrir að fara í nauðsynlegar fjárfestingar, þar sem óvissa er um aflamark að ári liðnu.
- Gert er ráð fyrir að 20% af tekjum aflað vegna leigu á aflaheimildum úr flokki 2 verði ráðstafað í markaðs- og þróunarsjóð fyrir sjávarútveginn. Tryggja þarf að sjávarútvegsfyrirtækin hafi greiðan aðgang að þessum fjármunum til að byggja upp rannsóknir og stuðla að þróun í greininni. Öflugar sjávarklasaránnsóknir í góðri samvinnu atvinnulífsins og menntastofnanna geta skilað sér í sterkari sjávarútvegi og fjölbreyttari störfum, menntun og mannlífi í sjávarbyggðum Íslands. Þá vill SGS kanna möguleika á að verðlauna þau fyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróunarstarf með skattaáviljunum.

- Í gegnum tíðina hafa margir einstaklingar selt sig út úr greininni og innleyst stóran hagnað á kostnað þjóðarinnar. SGS telur að tryggja verði með afgerandi hætti í lögum að hagnaður af sölu aflaheimilda verði skattlagður sérstaklega með hagsmuni almennings að leiðarljósi.

Jafnframt getur SGS tekið undir með Alþýðusambandi Íslands um að frumvörpin geti veikt rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Þá er SGS að sammála þeim breytingartillögum sem ASÍ leggur fram til úrbóta frumvörpunum er snýr að starfsöryggi og kjörum fiskvinnslufólks.

Að lokum vill Starfsgreinasamband Íslands hvetja stjórnvöld til að taka tillit til þeirra tillagna sem hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa lagt fram, en þannig eiga frumvörpin að geta orðið grunnur að breiðri sátt í samfélaginu, sem um leið skapar stöðugleika og festu í atvinnugreininni til framtíðar.

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn. Um 5.500 félagsmenn í aðildarfélögum sambandsins starfa í fiskvinnslu og vinna um 4.000 ársverk.

Aðildarfélög SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, Vlf. og sjómf. Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-löjla, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Bárán stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, Vlf. og sjómf. Keflavíkur og nágrennis (VSFK), Vlf. og sjómf. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Kristján Bragason, framkvæmdastjóri (sign)